



# Framkvæmda- fréttir 32. tbl. /03



Viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja sem lokið var við á árunum 1999-2001

Vamaleið (56) séð til norðurs.

## Greinargerð dómnefndar

Árið 2002 gáfu vegamálastjóri og forstöðumaður umhverfisdeildar Vegagerðarinnar út reglur um viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja. Snemma árs 2003 skipaði síðan vegamálastjóri dómnefnd til að annast veitingu fyrstu viðurkenningarinnar. Í nefndinni voru þau; Guðmundur Arason, Helgi Hallgrímsson og Ásrún Rúðólfsdóttir sem var formaður.

Samkvæmt áðurnefndum reglum átti umhverfisnefnd hvers umdæmis að tilnefna tvö til fimm mannvirki, sem lokið var við á árunum 1999 - 2001. Verkefni dómnefndar var að velja þrjú bestu verkefni, raða eftir gæðum og hlaut besta verkefnið viðurkenningu.

Alls voru tilnefnd nítján verkefni úr öllum umdæmum. Dómnefndin skoðaði öll mannvirkin og mat þau. Við það mat var bæði horft til hönnunar og útfærslu. Litið var til upplifunar vegfarenda, aðlögunar að landi, frágangs o.fl. atriða. Þá var einnig tekið tillit til þess hve erfið verkefni voru að mati nefndarinnar. Þessi atriði voru síðan vegin saman og heildar niðurstaðan réði vali dómnefndar.

Valið miðar að því að draga fram það sem allra best var gert í vegamannvirkjum á umræddu tímabili. Valið var erfitt því að mörg þeirra verkefna, sem dómnefndin skoðaði voru

## Auglýsingar útboða

### Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði 03-093

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýlögð Grundartangavegur (506) frá Hringvegi að hafnarsvæði Grundartangahafnar. Lengd kafla er 2,6 km.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	13.400 m <sup>3</sup>
þar af bergskeringar	2.500 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	336 m
Fyllingar	31.800 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	25.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	5.000 m <sup>3</sup>
Klæðing	16.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 17. nóvember 2003. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 2. desember 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 32. tbl. 11. árg. nr. 354 17. nóv. 2003

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg


Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Vatnaleið á Snæfellsnesi.

Reykhólasveitarvegur.





*Tindastólsvegur.*

*Norðausturvegur um vestanvert Tjörnes.*

prýðilega af hendi leyst. Valið byggist á mati dómnefndarmanna, tilfinningu þeirra og smekk, og verður það því alltaf umdeilanlegt.

Það er mat dómnefndar að hönnun þeirra mannvirkja sem skoðuð voru, hafi í flestu tekist vel, en frekar megi finna að útfærslu og frágangi þeirra. Þar má benda á nokkur atriði, sem koma víða fyrir.

Gróft burðarlagsefni nær út í yfirborð vegfláans og torveldar jöfnun og uppgræðslu. Flókt er á kantlínunum vega vegna umframefnis úr klæðingu og öxlum. Ekki er gengið nægilega vel frá fláum við brýr. Línur í bríkum brúa eru flóktandi og gólf ekki alltaf nægilega slétt. Við efri mörk brattra skeringa í grónu landi grefur undan gróðurþekjunni þannig að rof myndast gjarnan með hjálp sauðkindarinnar. Sáning hefur ekki tekist sem skyldi á öllum stöðum, oft vegna slakra skilyrða í jarðvegi og virðist nokkuð vanta upp á að fylgst sé með hvernig til hefur tekist og bætt úr þar sem upp á vantar.

Dómnefndin vill vekja athygli vegagerðarfólks á þessum atriðum og hvetja það til að gefa þeim gaum.

Niðurstaða dómnefndar varð sú að velja fjögur verkefni, sem skáru sig nokkuð úr að hennar mati. Nefndin valdi síðan eitt af þessum mannvirkjum til viðurkenningar en taldi ekki efni til að raða hinum þremur. Þessi fjögur mannvirki eru:

*Vatnaleið á Snæfellsnesi*

*Reykhólasveitarvegur, tveir kaflar*

*Tindastólsvegur*

*Norðausturvegur um vestanvert Tjörnes*

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir mati dómnefndar á þessum mannvirkjum, sem hún taldi skara fram úr.

**Vatnaleið á Snæfellsnesi**

Vegurinn liggur að mestu um opið land þar sem víða er fall-egt útsýni.

Mjög vel hefur tekist að fella veginn að landinu þannig að náðst hefur tæknilega góð veglína sem dregur fram fegurð umhverfis og útsýnis án þess að röskun á landslagi sé tilfinnanleg. Frágangur er góður og hnökrar á útfærslu minni háttar.

Áningastaður er mjög vel heppnaður bæði hvað snertir staðsetningu, gerð og frágang.

Frágangi á námum er ekki að fullu lokið.

Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.

**Reykhólasveitarvegur**

Vegurinn liggur um mishæðott og erfitt land vaxið birkikjarri og öðrum viðkvæmum gróðri. Vegurinn er mjög vel felldur að landinu og röskun á gróðri er í lágmarki. Frágangur er góður og hnökrar á útfærslu óverulegir og tengjast einkum sáningu.

Verktaki: Höttur sf., Hrótafirði.

**Tindastólsvegur**

Vegurinn liggur um snjóþungt fjalllendi þar sem snjósöfnun og verndun nálægra fornleifa höfðu mikil áhrif á val vegsvæðis.

Vegurinn er mjög vel hannaður og fer vel í landinu. Frágangur er góður.

Verktaki: Höttur sf., Hrótafirði.

## Norðausturvegur um vestanvert Tjörnes

Vegsvæðið einkennist af þykkum jarðvegi og djúpum giljum sem krefjast mikillar landmótunar bæði í skeringum og fyllingum.

Hönnunin við þessar sérstöku og erfiðu aðstæður hefur tekist ágætlega.

Frágangur er góður en hnökrar á útfærslu tengjast einkum jöfnun og sáningu í efsta hluta vegfláa.

Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.



1. Dómnafnd vegna viðurkenningar Vegagerðarinnar. Frá vinstri: Formaður dómnafndar Ásrún Rúdólfsdóttir gæðastjóri Vegagerðarinnar, Guðmundur Arason fyrrverandi forstöðumaður umhverfisdeildar og Helgi Hallgrímsson fyrrverandi vegamálastjóri



Borgnesingar taka við viðurkenningarskjali úr hendi vegamálastjóra. Frá vinstri talið: Ingvi Árnason deildarstjóri framkvæmdakaupa, Auðunn Hálfðanarson deildarstjóri áætlana, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og Magnús Valur Jóhannsson umdæmisstjóri.



Dofri Eysteinnsson framkvæmdastjóri Suðurverks hf. tók við viðurkenningarskjali fyrir hönd verktaka við Vatnaleið.

Viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang að þessu sinni hlýtur **Vatnaleið á Sæfellsnesi**.

Hönnun vegar var í hönuðum áætlanadeildar Vegagerðarinnar í Borgarnesi, um eftirlit og umsjón framkvæmdar sá framkvæmdadeild Vegagerðarinnar í Borgarnesi.

## Frá dómnafnd

Dómnafnd sú, sem skipuð var til að annast veitingu fyrstu viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja, er nú að ljúka störfum. Dómnafndin hefur í störfum sínum tekið mið af orðsendingu nr. 3/2002 um reglur um slíka viðurkenningu.

Í tveim atriðum hefur nefndin farið á svig við reglurnar. Þar segir að velja skuli þrjú mannvirki og raða eftir gæðum. Dómnafndin valdi fjögur verkefni og raðaði þeim ekki. Ástæða þessa var sú að þessi fjögur verkefni skáru sig nokkuð úr að mati nefndarinnar en erfitt að gera upp á milli þeirra og því ekki efni til að raða þeim. Í ljósi þessarar reynslu leggur nefndin til að reglunum verði breytt þannig að velja skuli 3-5 verkefni, en þeim ekki raðað að öðru leyti en því að eitt þeirra sé valið til viðurkenningar.

Í störfum sínum hefur dómnafndin fundið að áhugi er fyrir þessu máli meðal starfsmanna Vegagerðarinnar. Því er vonast til að veiting viðurkenningarinnar hvetji Vegagerðarfólk til að leggja sig fram við hönnun, gerð og frágang mannvirkja. Með tilliti til þessa er það skoðun nefndarinnar að halda beri áfram þessu starfi, a.m.k. fyrst um sinn. Leggur hún til að viðurkenning verði veitt annað eða þriðja hvert ár og fari veitingin fram í lok næsta árs eftir viðmiðunartímabilið.

Að lokum vill dómnafndin þakka yfirstjórn Vegagerðarinnar traust það sem henni var sýnt, svo og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf.

Ásrún Rúdólfsdóttir  
Helgi Hallgrímsson  
Guðmundur Arason



Magnús Valur Jóhannsson og Dofri Eysteinnsson með viðurkenningarskjali Vegagerðarinnar.

## Viðurkenning Vegagerðarinnar

### Ávarp flutt við afhendingu fyrir mannvirki í Borgarnesi 11. nóvember

Vegagerðarmenn hafa stundum sagt að vandfundið sé svo fagurt landslag hér á landi að ekki sé unnt að bæta um betur með vel gerðu vegamannvirki! Þótt ekki liggi djúp alvara á bak við slíkar staðhæfingar held ég að flestir geti verið sammála um að vegir séu yfirleitt sjaldnast sérstök lýti á landinu, þótt auðvitað séu einhverjar undantekningar þar á. Mér hefur alla tíð fundist að þeir sem unnið hafa að leiðavali og hönnun vega hér hjá stofnuninni hafi yfirleitt haft það að sérstöku leiðarljósi að mannvirkin færu vel í landinu. Án þess ef til vill að hafa um það sérstök orð eða skrifa um það langar skýrslur.

Tilkoma nýrra reglugerða og krafna, svo sem um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, hafa litlu breytt hvað þetta varðar, þótt óþarfi sé að halda því fram að þessar nýju skyldur séu einungis til óþurftar. Þær hafa á ýmsan hátt ýtt undir varkárari vinnubrögð við undirbúning og framkvæmdir í mannvirkjagerð og umgengni við náttúru landsins, auk þess að bæta upplýsingastreymi til yfirvalda og almennings. En ef við berum saman útlit, aðlögun og frágang vegamannvirkja sem byggð voru fyrir og eftir innleiðingu þessara bráðum 10 ára gömlu ákvæða sýnist mér ekki vera stór munur þar á. Sem staðfestir auðvitað bara að það eru ekki valdboð yfirvalda heldur alúð og færni þeirra sem vinna verkin og virðing þeirra fyrir viðfangsefnum sínum bæði við undirbúning og framkvæmdir, sem að lokum ráða því hvernig til tekst um sambúð mannvirkja og umhverfis.

Umhverfismál hafa fengið aukið rými í allri umfjöllun í þjóðfélaginu á síðustu árum og þar á meðal hjá Vegagerðinni. Til marks um það má minna á eitt af fjórum megin markmiðum stofnun-

*Hreinn Haraldsson  
framkvæmdastjóri þróunarsviðs  
Vegagerðarinnar*



arinnar sem fyrir nokkrum árum var bætt við þau þrjú fyrri, það er „Góð sambúð við umhverfi og íbúa“. Þá var einnig fyrir nokkrum árum stigið það skref að setja á laggirnar sérstaka umhverfisdeild, sem einkum er ætlað að vinna að stefnumótun í umhverfismálum og hafa umsjón með framkvæmd hennar. Eitt af þeim verkefnum sem þar hefur verið unnið að er ástæða þess að við erum samankomin hér í Borgarnesi í dag.

Fyrir rúmlega einu og hálfu ári voru gefnar út reglur um viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja. Tilgangurinn með slíkri viðurkenningu er að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar og stuðla að umræðu þar um. Hún er einnig hugsuð til að vitna um ákveðinn vilja yfirstjórnarinnar til að leggja áherslu á þessa þætti í okkar starfsemi. Hugmyndin var að líta fyrst á þetta sem tilraunaverkefni, sem síðan verði í áframhaldandi þróun á næstu árum. Í þessari fyrstu úthlutun komu til greina fullgerð umferðarmannvirki og landmótunarverkefni sem lokið var við á árunum 1999 – 2001. Umhverfisnefndum í umdæmum var falið að tilnefna tvö til fimm mannvirki úr sínu umdæmi í samráði við umdæmisstjóra, og valið skyldi taka tillit til frágangs, útlits og aðlögunar að umhverfi eins og við getur átt í hverju tilviki.

Fyrir á þessu ári skipaði Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri dómnefnd til að meta tilnefnd mannvirki, velja þrjú bestu og síðan það mannvirki sem hljóta skyldi viðurkenningu sem besta mannvirkið. Í nefndina voru skipaðir þeir tveir starfsmenn sem undirrituðu reglurnar í mars 2002, það er Helgi Hallgrímsson, fyrrverandi vegamálastjóri og Guðmundur Arason, fyrrverandi forstöðumaður umhverfisdeildar, en þeir hafa eins og við öll vitum nýlokið störfum hjá stofnuninni. Formaður dómnefndar var síðan skipuð Ásrún Rúdólfsdóttir, gæðastjóri Vegagerðarinnar. Dómnefndin hefur lokið störfum og gert grein fyrir störfum sínum og niðurstöðum.



Vatnaleið. Framkvæmdir í ágúst 2001. Verktaki Suðurverk hf.



Ásdís E. Guðmundsdóttir  
deildarstjóri,  
rannsóknir og þróun,  
skrifar

## Ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar

Þann 7. nóvember sl. var ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar haldin í annað sinn. Ráðstefnugestir voru um 140 talsins.

Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar setti ráðstefnuna. Í máli hans kom fram að fyrirhugaðar eru nokkrar breytingar varðandi rannsóknir sem fjármagnaðar eru af Vegagerðinni. Þar er einkum um að ræða breytingar á því hvernig ný verkefni verða til og ákvörðun um þau tekin. Hugmyndin er að hluti þess fjármagns sem er til ráðstöfunar á hverju ári fari til verkefna sem Vegagerðin skilgreinir fyrirfram og fær ráðgjafa til að vinna („top down“) í stað þess að hugmyndir að nýjum rannsóknum verði í flestum tilfellum til hjá þeim sem síðan vinna verkefni („bottom up“). Þessar breytingar munu sennilega að einhverju leyti taka gildi þegar við næstu úthlutun rannsóknarfjár snemma á næsta ári. Áður en ráðist verður í þessar breytingar er stefnt að því að Vegagerðin skilgreini rannsóknarstefnu. Vinna við þessa stefnumótun er þegar hafin hjá rannsóknardeild.

Ásdís Guðmundsdóttir hjá rannsóknadeild Vegagerðarinnar, fjallaði um rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar. Mikil fjölgun umsókna og auknar fjármagnsóskir hafa beint sjónum enn frekar að leiðum til að nýta þetta takmarkaða fjármagn betur. Þau atriði sem skoðuð verða vel í nánustu framtíð eru rannsóknarstefna, nýtt umsóknareyðublað, útgáfa og miðlun, innleiðing rannsóknarmiðurstaðna og mat á rannsóknum.

### Jarðtækni og steinefni, burðarlög og slitlög

Hafðís Eygló Jónsdóttir og Hersir Gíslason, rannsóknadeild Vegagerðarinnar kynntu þróun námukerfis og námufrágang. Námukerfi Vegagerðarinnar er eini ítarlegi gagnagrunnurinn á Íslandi með almennum upplýsingum um námur. Þetta eru ekki bara vegagerðarnámur heldur allar námur í landinu og margar þeirra eru ekki lengur í notkun. Þau fjölluðu einnig um frágang á gömlum námum en samkvæmt lögum um náttúruvernd hvílir sú skilda á hverjum námuréttshafa að ganga frá gömlum efnistökusvæðum sem hann hefur nýtt og er hættur að nota.

Pétur Pétursson Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins kynnti evrópskar samanburðarrannsóknir á frostþoli steinefna. Verkefnið felst í samanburði á frostþolsprófum fyrir steinefni í mannvirkjagerð og ræðst það af niðurstöðum verkefnisins hvaða gildi það hefur sem innlegg í staðlagerð Evrópusambandsins.

Jón Skúlason Almennu verkfræðistofunni hf. kynnti athugun á fergingu vegsvæðis á mýri. Meðal annars er lagt til að við lagningu vega á mýri verði farg látið standa á fyllingu 3 til 6 sinnum lengri tíma en vatnsþrýstingur er að jafnast út í mýrarlaginu, sem þýðir í flestum tilfellum 3 til 6 mánuði hér á landi.

### Tæki og búnaður

Nicolai Jónasson og Einar Pálsson, þjónustudeild Vegagerðarinnar kynntu stjórnkerfi í vegapjónustu. Tilgangur verkefn-

isins var að afla þekkingar um lausnir í vegapjónustu. Verkefninu var skipt upp í annarsvegar ferilvöktun og aðgerðarskráningu og verkskráningu hins vegar.

Skúli Þórðarson Orion ráðgjöf ehf. kynnti prófun á nýrri gerð vegriða á snjóastöðum en það er unnið í samstarfi við Vegagerðina. Aðalhvatin er að þessu verkefni er sú staðreynd að notkun vissra vegriða eykur vandamál vegna skafrennings á vegum. Sett hafa verið upp rörevegrið til prófunar.

### Brýr og steinsteypa

Ólafur Wallevik, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins flutti erindi um sjálfútleggjandi steypu í brúargerð. Kostir hennar eru margir. Hún er mun einsleitari en hefðbundin steinsteypa, sem minnkar hættu á steypuskemmdum. Steypuvinnan er mun einfaldari, gengur hraðar fyrir sig, mannpörfin við niðurlögn er minni, yfirborðið betra o.s.frv. Að auki bætast við ýmsir umhverfislegir kostir eins og minni hávaði frá framkvæmdum, betri heilsuskilyrði og meira öryggi.

Þá flutti Ólafur Wallevik einnig erindi um nýja gerð burðarþolstrefja í steinsteypu. Trefjarnar eru úr mjög sterku plasti og er hlutverk þeirra bæði að hindra plastíska sprungumyndun og auka burðarþolseiginleika steypu. Ólafur sýndi fram á það með eftirminnanlegum hætti hvað steinsteypa með burðarþolstrefjum hefur fram yfir hefðbundna steypu. Það gerði hann með því að grýta keilukúlu á steypar plötur. Hefðbundin steypa brotnaði strax en steypan með burðarþolstrefjunum gaf sig ekki.

### Vatnafar, snjór, jökjar, jökulhlaup

Árni Snorrason Vatnamælingum OS kynnti fyrir ráðstefnugestum vöktun vatnsfalla. Markmið með rannsóknarverkefninu var að kortleggja náttúrulegar aðstæður í vatnsföllum sem falla frá eldvirkum svæðum Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls, að þróa skynjara sem greint gætu jarðhitaáhrif og að gefa viðvörðun ef vart yrði við óvanalegt ástand vatna og að lokum að þróa hugbúnað til þess að miðla þessum upplýsingum um vefinn.

Helgi Björnsson Raunvísindastofnun HÍ flutti erindi um Grímsvatnahlaup: vatnsgeymi, upphaf og rennsli. Hann greindi frá vinnu við þróun líkana sem lýsa rennsli jökulhlaupa.

### Umferðaröryggi, upplýsingatækni

Auður Þóra Árnadóttir, áætlanadeild Vegagerðarinnar hefur skoðað áhrif Hvalfjarðarganga á umferðaröryggi. Fram kom að óhöppum í öllum flokkum fækkaði. Tiltölulega litlar breytingar urðu hins vegar á óhappatíðni, þ.e. fjölda óhappa miðað við ekna vegalengd. Þó skar lækkan tíðni óhappa með miklum meiðslum á fólki sig nokkuð úr og þó að sú lækkan gæti að hluta til verið komin til af öðrum orsökum eins og t.d. öruggari bílum verður að teljast líklegt að Hvalfjarðargöng eigi þar hlut að máli.

Ágúst Mogensen nemi í afbrotufræði talaði um áfengisneyslu og akstur á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að greina hvernig fólk tekur þá ákvörðun að aka ölvað, þ.e.a.s. að skoða þá þætti sem fólk tekur tillit til áður en það sest undir stýri undir áhrifum áfengis. Gagnaöflun rannsóknarinnar er á lokastigi.

Skúli Þórðarson Orion ráðgjöf hf. fjallaði um umferðarslys og vindafar. Meginmarkmið verkefnisins er að skapa forsendur til þess að fækka umferðarslysum á Íslandi sem að einhverju leyti má rekja til vindafars. Nú í vetur er ráðgert að gera vindmælingar á veginum undir Hafnarfjalli og e.t.v. á öðrum stöðum undir fjallinu til að meta umfang og breytileika vindáhrifa sem mun m.a. nýtast við mat á hugsanlegum mótvægisáðgerðum. Á næsta ári er æskilegt að skoða fleiri staði þar sem staðbundið vindafar veldur hættu á vegum.

Sigurður Erlingsson Háskóla Íslands kynnti hvernig hægt er að meta ökulag á þjóðvegum með gögnum umferðargreina og hagnýtingu umferðargagna. Rannsóknarverkefnið lýtur að því hvernig megi koma því gífurlega magni upplýsinga, sem fást úr umferðargreinum, til notenda á því formi, sem þeim hentar, á þeim tíma sem þeim hentar. Hann benti á heimasíðuna <http://vegag.nord.is>.

Friðgeir Jónsson ND á Íslandi flutti erindi um mælingar á umferðaröryggi í akstri. Þar fjallaði hann um hvernig nýta megi þær upplýsingar sem hægt er að skrá með SAGA búnaðinum, til að auka umferðaröryggi. Meðal annars hafa hættulegar beygjur á Hringveginum verið fundnar og skráðar með tækinu. Friðgeir sýndi athyglisverðar myndbandsupptökur af akstri um hættulegar beygjur sem teknar voru á keyrslu.

## Arðsemi og fjármál

Kristín H. Sigurbjörnsdóttir stjórnsýslusviði Vegagerðarinnar fjallaði um út á hvað verðmætamat á vegakerfinu gengur og hvers vegna leggja ætti slíkt mat. Á hverju ári er miklu fjármagn varið til uppbyggingar á vegakerfinu. Verðmætamat er m.a. mikilvægt til að hægt sé að segja til um það með vissu, hvort það fjármagn sem fer til vegagerðar á hverju ári auki við verðmæti vegakerfisins eða hvort það fari einungis til þess að halda við verðmæti þess.

Hreinn Haraldsson þróunarsviði Vegagerðarinnar fjallaði um gjaldtöku af umferð. Hann fór í gegnum það að markaðar tekjur per ekinn kílómetra hafa lækkað á undanförunum árum. Eldsneytisgjald er ekki talið endurspeglar kostnað þjóðfélagsins og tekur ekki tillit til ytri kostnaðar. Víða í Evrópu er verið að skoða leiðir til að notendur vegakerfisins greiði gjöld til endurgjalds fyrir kostnað samfélagsins við að byggja og reka vegakerfið. Hér á landi er einnig slíkt þróunarverkefni í gangi og ásamt Vegagerðinni kemur ND á Íslandi að því verkefni.

## Umhverfismál

Auður Magnúsdóttir VSÓ Ráðgjöf fjallaði um mótvægisáðgerðir tengdar framkvæmdum Vegagerðarinnar. Á heildina litið var það niðurstaða rannsóknarinnar að Vegagerðin væri á réttri leið varðandi mótvægisáðgerðir þó svo að bæta mætti framsetningu og ígrunda tillögur að mótvægisáðgerðum betur. Lagt var til að gera sérstakar rannsóknir á virkni mótvægisáðgerða til þess að varpa ljósi á hvort þær skila tilætlunum árangri.

Samson Harðarson Landmótun kynnti verkefni um notkun gróðurs með vegum. Í verkefninu er leitast við að varpa ljósi á notkun gróðurs við ýmsar aðstæður með vegum og fá skýrari mynd af gróðurnotkuninni og hvað megi læra af henni. Ætlunin er að gera dæmasafn varðandi gróðurnotkun við vegi og kosti og galla við ýmsar lausnir varðandi gróðurnotkun.

Bryndís Skúladóttir Iðntæknistofnun fjallaði um verkefni þar sem samsetning svifryksmengunar í Reykjavík er skoðuð. Heildarniðurstöður sýndu að samsetning svifryksins var þannig; malbik 55%, jarðvegur 25%, sót 7%, salt 11% og bremsuborðar um 2%. Líta má á þetta sem lýsingu á svifryki yfir vetrartíma. Vænta má að heildarmyndin verði önnur ef allt árið er skoðað.

## Annað

Hreinn Haraldsson þróunarsviði Vegagerðarinnar fjallaði um Evrópuráð vegarannsóknna (ERTRAC) sem stofnað var 25. júní 2003. Hlutverk ERTRAC er að takast á við núverandi áskoranir í vegasamgöngum í Evrópu, að setja fram og fylgja eftir sameiginlegri framtíðarsýn fyrir stöðuna árið

2020 og stefnumótun fyrir rannsóknir sem þarf að ráðast í til að ná þeirri sýn. Einnig að leggja fram tillögur um vegarannsóknir Evrópuríkja og að stuðla að tengslum milli rannsóknaráætlana ESB og áætlana einstakra þjóða.

Ágrip af erindum verða birt á heimasíðu Vegagerðarinnar [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/vr\\_7\\_ranns\\_2003.html](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/vr_7_ranns_2003.html)



Ásdís E. Guðmundsdóttir deildarstjóri, rannsóknir og þróun, og Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar, höfðu veg og vanda að skipulagningu ráðstefnunnar.



Austfirðingar. Frá vinstri: Guðni Nikulásson rekstrarstjóri í Fellabæ, Helgi Hallgrímsson fyrrverandi vegamálastjóri, Einar Þorvarðarson umdæmisstjóri á Austurlandi og Guðjón Magnússon deildarstjóri framkvæmdakaupa á Austurlandi.



Þéttsetinn fundarsalur Nordica hótels. Á fremsta borði má þekkja rekstrarstjórana Þorvald Böðvarsson á Hvamms-tanga og Gylfa Júlíusson í Vík.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæðildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun	03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03
03-096 Sl. Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegur	03
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	03
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	03
<b>Útboð sem hafa verið auglýst</b>	<b>Auglýst: Opnað:</b>
03-093 Vl. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	17.11.03 02.12.03
<b>Útboð á samningaborði</b>	<b>Auglýst: Opnað:</b>
03-097 Au. Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegur	27.10.03 11.11.03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	20.10.03 04.11.03
03-081 Au. Hringvegur (1) um Össurá og Hlíðará í Lóni	20.10.03 04.11.03
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Breknaheiði - Saurbæjará	06.10.03 21.10.03
03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Þorpar	08.09.03 23.09.03
<b>Samningum lokið</b>	<b>Opnað: Samið:</b>
03-094 Au. Hringvegur (1) um Kotá í Öræfum Suðurverk hf.	07.10.03 08.11.03

## Niðurstöður útboða

### Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegur 03-097

Tilboð opnuð 11. nóvember 2003. Austurlandsumdæmi. Gerð 2.500 m langra varnargarða hjá Jökulsá í Lóni, neðan Hringvegur.


Helstu magnþölur eru:

Fyllingar í varnargarða . . . . . 42.500 m<sup>3</sup>

Grjótvörn . . . . . 11.900 m<sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
14 Nóntindur ehf., Búðardal	48.535.000	192,5	33.586
13 Háfell ehf., Reykjavík	36.481.000	144,7	21.532
12 Norðurtak ehf., Sauðárkróki	33.140.000	131,4	18.191
11 Jarðverk Hornafirði ehf.	32.886.000	130,4	17.937
10 Klæðning ehf. Kópavogi	29.920.000	118,6	14.971
--- Áætlaður verktakakostnaður	25.218.000	100,0	10.269
9 Guðmundur S. Ólafsson Núpi, Hornafirði	22.511.970	89,3	7.563
8 Ólafur Halldórsson, Tjörn, Hornafirði	21.376.600	84,8	6.428
7 Þ.S. Verktakar ehf., Egilsstöðum	19.902.000	78,9	4.953
6 Myllan ehf., Egilsstöðum	19.822.000	78,6	4.873
5 Suðurverk hf., Hafnarfirði	18.640.000	73,9	3.691
4 Ýting ehf., Egilsstöðum	18.499.788	73,4	3.551
3 Rósaberg ehf., Hornafirði	17.862.500	70,8	2.914
2 Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni	16.870.000	66,9	1.921
1 S.G. vélar ehf., Djúpvavogi	14.949.000	59,3	0



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 10. nóvember 2003. Samtals er búið að sprengja 1.719 m sem gerir 30%.